

Sp.

318. Fyrirspurnir.

[177. mál]

I. Til menntamálaráðherra um námsvistargjöld.

Frá Helga Seljan.

1. Hver er afstaða menntamálaráðherra til innheimtu svokallaðs námsvistargjalds?
2. Telur ráðherra að þessi innheimta eigi sér lagastoð og ef svo er ekki, hvað hyggst ráðuneytið aðhafast í málinu?

II. Til heilbrigðismálaráðherra um stöðu heilsugæslulæknis við H2-stöð á Eskifirði.

Frá Helga Seljan.

Hvenær má vænta þess að lögbundin staða við H2-stöð á Eskifirði verði auglýst og annar læknir ráðinn til stöðvarinnar með búsetu á Reyðarfirði?

III. Til utanríkisráðherra um skýrslu Braga Jósepssonar, Hannesar Pálssonar og Stefáns Jónssonar til utanríkisráðherra 22. des. 1971.

Frá Stefáni Benediktssyni.

1. Er skýrsla sú sem Bragi Jósepsson, Hannes Pálsson og Stefán Jónsson sendu utanríkisráðherra 22. des. 1971 merkt sem trúnaðarmál?
2. Hefur verið kannað hver afhenti Morgunblaðinu skýrsluna?
3. Hver ber ábyrgð á vörslu og afhendingu trúnaðarskjala og annarra leyndargagna utanríkisráðuneytisins?
4. Sér ráðherra ástæðu til aðgerða vegna birtingar þessarar skýrslu?

IV. Til utanríkisráðherra um geislavirka mengun í Norður-Atlantshafi.

Frá Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur.

1. Hvernig er fylgst með og hvaða upplýsingar eru fyrir hendi í utanríkisráðuneytinu um losun geislavirks úrgangs í Norður-Atlantshaf og mengun sjávar af þeim sökum?
2. Hafa stjórnvöld beitt sér fyrir aðgerðum til að koma í veg fyrir geislavirka mengun í hafinu í kringum Ísland?

V. Til dómsmálaráðherra um gæða- og öryggisreglur varðandi hjólbarða.

Frá Eiði Guðnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar frá 8. mars 1983 um gæða- og öryggisreglur varðandi notkun og innflutning hjólbarða, svo og verulega lækkun innflutningsgjalda af hjólbörðum?